

Borgarstjórn Reykjavíkur
19. september 2023

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurskoðun á fjármögnun unglingsmiðjanna Traðar og Stígs

Lagt er til að fallið verði frá því að skerða fjármögnun unglingsmiðjanna Traðar og Stígs um 12,7 milljónir sbr. 6. lið fundargerðar velferðarráðs frá 6. september. Í staðinn sé færður peningur úr styrkjarpotti velferðarráðs uppá 12,7 milljónir yfir í rekstur Traðar og Stígs, þannig að ekki þurfi að skerða þjónustu við ungmenni sem eiga í félagslegum erfiðleikum og í leiðinni auka vinnuálag á starfsmenn. Með því er verið að færa hagræðingu á milli liða innan sviðsins en ekki falla frá hagræðingu.